



Ársreikningur 2018

Greinargerð

Hér á eftir eru teknar saman frekari upplýsingar um ársreikning ársins 2018, að öðru leyti er vísað til ágættra skýringa með ársreikningnum sjálfum og skýrslu endurskoðanda. Ársreikningur samanstendur af upplýsingum um A-hluta sveitarsjóðs og samantekin A- og B-hluta. Í A-hluta er aðalsjóður auk eignasjóða. Í B-hluta eru veitustofnanir, hafnarsjóður, félagslegar íbúðir, Tímatákn ehf, og hlutdeild Sveitarfélagsins Skagafjarðar í Eyvindarstaðaheiði ehf.

Rekstur

Rekstrartekjur Sveitarfélagsins Skagafjarðar námu á árinu **5.506 millj. króna** af samstæðunni í heild, A- og B-hluta. Þar af voru rekstrartekjur A-hluta **4.686 millj. króna**. Rekstrargjöld samstæðunnar að frátöldum afskriftum og fjármagnsliðum voru **4.774 millj. króna**, þ.a. A-hluta **4.259 millj. króna**. Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er jákvæð um **731 millj. króna**, þar af er rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð fyrir afskriftir og fjármagnsliði um **427 millj. króna**. Afskriftir eru samtals **209 millj.króna**, þar af **114 millj.króna** hjá A-hluta. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru hjá samstæðunni í heild samtals **293 millj. króna**, þ.a. eru **229 millj. króna** fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur í A-hluta sveitarsjóðs. Rekstrarafgangur A- og B-hluta á árinu 2016 er **241 millj.króna** og rekstrarniðurstaða A hluta er jákvæð um **91,5 millj.króna**.

Þann 19. september 2016 var samkomulag gert milli Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga hinsvegar um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr.127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar (Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda auk þess sem lífeyristökualdur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við breytingarnar eru réttindi virkra sjóðsfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Samhliða því gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Samkvæmt 8. gr. samningsins var hann gerður meðal annars með þeim fyrirvara að hann skyldi öðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum og aðilum þeim tengdum við samþykkt stjórnarviðkomandi aðila á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar.

Í febrúar 2018 samþykkti sveitarstjórn Skagafjarðar samkomulag, sem barst sveitarfélaginu í byrjun janúar 2018, um uppgjör við Brú og var samkomulagið undirritað í mars 2018. Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017. Samkvæmt samkomulagi við lífeyrissjóðinn nemur heildarframlagið 597,9 millj.kr.




Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð ofangreinds uppgjors. Um er að ræða framlag í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð.

Skipting þess er eftirfarandi:

- 174,4 millj.kr. framlag í jafnvægisjóð sem ætlað er að koma á fallinni stöðu Brúar í jafnvægi, framlagið var gjaldfært að fullu á árinu 2017.
- 382,3 millj.kr. framlag í lífeyrisaukasjóð til að mæta framtíðar skuldbindingu vegna lífeyrisauka, framlagið er gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017.
- 41,1 millj.kr. framlag í varúðarsjóð sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð, framlagið er gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.

Gjaldfærðar voru 182,4 millj.kr. meðal launa og launatengdra gjalda á árinu 2017 vegna þessa og fjárhæðin færð sem skammtímaskuld í árslok 2017. Greiðsla heildarframlags átti sér stað á árinu 2018.

Ástæða þess að þetta er rakið svo ítarlega hér og enn betur í skýringum með ársreikningi fyrir árið 2018 er að uppgjorið hefur haft veruleg áhrif á ársreikninga Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir árin 2017 og nú 2018. Fyrst með verulega lægri rekstrarafgangi í ársreikningi 2017 en ella hefði orðið vegna gjaldfærslu framangreinds framlags á því ári og nú með hækkun skuldahlutfalls vegna ríflega 600 millj. króna lántöku vegna uppgjorsins.






Efnahagur

Eignir Sveitarfélagsins Skagafjarðar A- og B-hluta voru í árslok samtals **9.440 millj. króna**, þ.a. voru eignir A hluta **7.357 millj. króna**. Skuldir og skuldbindingar voru í árslok 2018 samtals **6.818 millj. króna**, þ.a. hjá A-hluta **5.888 millj.króna**. Langtímaskuldir námu alls **4.371 millj.króna** hjá A- og B-hluta auk **525 millj.króna** næsta árs afborgana. Eigið fé nam **2.622 millj. króna** hjá samstæðunni í árslok og er eiginfjárhlutfall **27,8%**. Af þessari tölu nam eigið fé A-hluta **1.468 millj. króna** og eiginfjárhlutfall **20%**. Lífeyrisskuldbindingar nema **1.150 millj.króna** í árslok og hækkuðu á árinu um **60 millj.króna** nettó vegna aukinna lífeyrisréttinda og lengingu á lífaldri í útreikningum.

Sjóðstreymisyfirlit

Veltufé frá rekstri A- og B-hluta nam **611 millj.króna**, þar af er veltufé frá rekstri A-hluta **351 millj.króna**. Handbært fé frá rekstri A- og B-hluta er **21 millj.króna**. Fjárfestingahreyfingar námu á árinu 2018, **760 millj.króna**, þar af námu fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum **808 millj.króna**. Afborganir og skuldbreytingar langtímalána á árinu 2018 eru **421 millj.króna**, handbært fé nam **192 millj. króna** í árslok. Tekin voru ný langtímalán að fjárhæð **1.101 millj. króna**, þar af **601 millj. króna** vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð.





Rekstrartekjur

Sé horft til samanburðar á milli ára á helstu stærðum er lúta að rekstri er breytingin nokkur. Eftirfarandi tafla(1) sýnir rekstrarniðurstöðu árána 2009 - 2018 og hlutfallslega breytingu milli árána 2017-2018.

Tafla 1	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	Br.%
Rekstrartekjur	3086	3162	3298	3548	3902	3933	4316	4917	5196	5506	6,0%
Rekstrargjöld	-2955	-3005	-3213	-3256	-3340	-3649	-4131	-4503	-4847	-4984	2,8%
Fjármagnsliðir	-320	-159	-359	-278	-228	-201	-251	-257	-203	-292	43,8%
	-189	-2	-274	14	334	83	-66	157	146	230	
Óreglul.tekjur -(gjöld)	-63	-13	4	3	-20,2	44	-31	95	-1	11	
Rekstrarhagnaður -(gjöld)	-252	-15	-270	17	313,8	127	-97	252	145	241	

Rekstrartekjur hækka um 6% milli ára, sem er örlítill hækking miðað við árið á undan en rekstrargjöld hækka um tæp 3% hjá samstæðunni sem er hlutfallslega minni hækking en árið áður, að teknu tilliti til uppgjors við Brú lífeyrissjóð. Hækking á fjármagnsliðun er talsverð á milli ára sem er m.a. afleiðing aukinnar verðbólgu.

Rekstrarkostnaður

Þegar horft er til rekstrarútgjalda, þá er vert að geta þess að laun og launatengdur kostnaður eru þar langstærstu kostnaðarliðirnir. Hjá samstæðunni allri, A- og B-hluta, hljóðuðu þessir kostnaðarliðir upp á um **3.022 millj. króna** á árinu eða sem nemur um **54,89%** af samanlögðum tekjum samstæðunnar. Er ekki um ósvipað hlutfall að ræða og árið 2016 en mikil hækking 2017 skýrist af uppgjöri við Brú lífeyrissjóð. Sambærilegar tölur fyrir A-hluta eru að laun og launatengdur kostnaður var um **2.858 millj. króna** eða **60,99%** af heildartekjum A-hluta.

Á milli árána 2017 og 2018 lækkuðu laun og launatengdur kostnaður um tæpt 1% hjá Sveitarfélaginu Skagafirði sem skýrist af uppgjöri við Brú lífeyrissjóð á árinu 2017.

Eftirfarandi tafla (2) sýnir samanburð á þessum kostnaðarliðum fyrir árin 2009-2018.

Tafla 2	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
	A+B	A+B	A+B	A+B	A+B	A+B	A+B	A+B	A+B	A+B
Rekstrartekjur	3.086	3.161	3.298	3.548	3.902	3.933	4.315	4.917	5.196	5.506
Laun og launat. gjöld	1.738	1.820	1.901	1.968	1.978	2.105	2.401	2.691	3.046	3.022
Hlutfall af tekjum	56,30%	57,60%	57,60%	55,50%	50,70%	53,52%	55,64%	54,73%	58,62%	54,89%

Rekstur málaflokka – ráðstöfun skatttekna

Vert er að skoða hvernig skatttekjum sveitarfélagsins er ráðstafað til einstakra málaflokka í A hluta, en skatttekjur eiga að standa undir rekstri hans samkvæmt þeim ramma sem sveitarfélögum er sniðinn.

Eftirfarandi tafla (Tafla 3) er sambærileg og tafla í skýringu 23 á bls. 29 í ársreikningi ársins 2018. Í töflunni er sýndur samanburður níu ára, 2010-2018.



Kostnaður við útgjaldastærsta málaflokkinn, fræðslu- og uppeldismálin, fer lækkandi sem hlutfall af skatttekjum á milli árunum 2017 og 2018. Hlutfallið hefur verið nokkuð sveiflukennt á undanförunum árum. Það lækkaði á árunum 2012 og 2013 en hækkaði að nýju 2014 og 2015. Mikil hlutfallsleg lækkun á milli árunum 2015 og 2016 skýrist að hluta til vegna þess að tekjur vegna málefna fatlaðs fólks voru þá færðar sem skatttekjur en voru áður færðar sem aðrar tekjur. Launakostnaður félagsþjónustu jókst einnig á árinu 2016 vegna yfirtöku Sveitarfélagsins Skagafjarðar á málefnum fatlaðs fólks á því ári (leiðandi sveitarfélag).

Á síðustu árum hefur aðhaldssemi verið viðhöfð í rekstri sveitarfélagsins og dregið hefur verið úr ýmsum rekstrarþáttum samhliða því sem lögð hefur verið áhersla á að standa vörð um lögbundna þjónustu sveitarfélagsins. Með því að gæta skynsamlegs aðhalds í sjálfum rekstri sveitarfélagsins skapast tækifæri til aukins viðhalds og fjárfestinga, án þess að skuldsetning þurfi að vera aukin. Aðhaldi þarf þó að beita af skynsemi og með það að markmiði að gæta jafnvægis í þjónustu sveitarfélagsins.

Tafla 3

Aðalsjóður	2010	%	2011	%	2012	%	2013	%	2014	%	2015	%	2016	%	2017	%	2018	%
Skatttekjur	2.115		2.213		2.358		2.561		2.610		2.807		3.554		3.758		3.969	
Félagsþjónusta	127	6,0%	178	8,0%	166	7,0%	179	7,0%	210	8,0%	236	8,4%	657	18,5%	674	17,9%	742	18,7%
Heilbrigðismál	13	0,6%	14	0,6%	14	0,6%	1	0,0%	1	0,0%	7	0,2%	7	0,2%	8	0,2%	8	0,2%
Fræðslu- og uppeldismál	1.308	61,8%	1.381	62,4%	1.411	59,8%	1.392	54,4%	1.512	57,9%	1.696	60,4%	1.732	48,7%	1.843	49,0%	1.865	47,0%
Menningarmál	125	5,9%	134	6,1%	131	5,6%	117	4,6%	130	5,0%	137	4,9%	146	4,1%	163	4,3%	155	3,9%
Æskulýðs- og íþróttamál	265	12,5%	286	12,9%	283	12,0%	287	11,2%	308	11,8%	321	11,4%	329	9,3%	351	9,3%	366	9,2%
Brunamál og almannavarnir	48	2,3%	49	2,2%	52	2,2%	57	2,2%	54	2,1%	59	2,1%	66	1,9%	63	1,7%	71	1,8%
Hreinlætismál	22	1,0%	19	0,9%	39	1,7%	43	1,7%	43	1,6%	38	1,4%	40	1,1%	40	1,1%	47	1,2%
Skipulags- og byggingarmál	32	1,5%	39	1,8%	35	1,5%	42	1,6%	46	1,8%	44	1,6%	43	1,2%	45	1,2%	61	1,5%
Umferðar- og samgöngumál	58	2,7%	61	2,8%	81	3,4%	95	3,7%	86	3,3%	89	3,2%	84	2,4%	77	2,0%	93	2,3%
Umhverfismál	49	2,3%	56	2,5%	53	2,2%	59	2,3%	60	2,3%	68	2,4%	72	2,0%	72	1,9%	83	2,1%
Atvinnumál	62	2,9%	46	2,1%	50	2,1%	46	1,8%	50	1,9%	53	1,9%	78	2,2%	67	1,8%	60	1,5%
Framlög til B hluta	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
Sameiginlegur kostnaður	153	7,2%	186	8,4%	172	7,3%	223	8,7%	231	8,9%	201	7,2%	231	6,5%	246	6,5%	263	6,6%
Lífeyrisskuldbinding	6	0,3%	78	3,5%	56	2,4%	53	2,1%	85	3,3%	125	4,5%	129	3,6%	249	6,6%	68	1,7%
Óvenjulegir liðir	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
Fjármunatekjur -(gjöld)	52	2,5%	57	2,6%	46	2,0%	17	0,7%	23	0,9%	10	0,4%	12	0,3%	14	0,4%	55	1,4%
Aðalsjóður samtals	-101		-257		-139		-16		183		257		48		126		-142	
Eignasjóður og þjón.st	14	0,7%	-14	-0,6%	87	3,7%	51	2,0%	171	6,6%	128	4,6%	91	2,6%	127	3,4%	-50	-1,3%
Þjónustustöð	-25	-1,2%	-31	-1,4%	-27	-1,1%	-24	-0,9%	-35	-1,3%	47	1,7%		0,0%		0,0%		0,0%
A-hluti - samtals	-112		-302		-79		11		-47		-176		43		1		92	

Samanburður fjárhagsáætlunar og rauntalna.

Þegar samanburður áætlunar og rauntalna í rekstri er skoðaður sést glögglega að flestir málaflokkar hafa staðist fjárhagsáætlun vel. Hjá Aðalsjóði má þannig sjá að stærstu málaflokkarnir, fræðslu- og uppeldismál og félagsþjónusta, eru með lítil hlutfallsleg frávik. Í jafn stórum málaflokki og fræðslu- og uppeldismál eru verður þó að horfa til þess að hvert prósentubrot er umtalverð fjárhæð. Hreinlætismál fara hlutfallslega mest fram úr fjárhagsáætlun sem skýrist m.a. af auknum kostnaði við sorphirðu vegna vaxandi sorphagns. Aðrir málaflokkar aðalsjóðs eru ýmist mjög nærri áætlun eða talsvert undir henni. Má þar nefna atvinnumál en vegna aukinna tekna, mannbreytinga á árinu og útsjónarsemi við atvinnulfssýningu var málaflokkurinn talsvert undir áætlun. Þá voru skatttekjur og fjármunatekjur nokkuð umfram áætlun eða sem nam 86 millj. króna. Heildarafkoma aðalsjóðs er því jákvæð um 142 millj. króna í stað 2 millj. króna taps í áætlun.

Eignasjóður fór talsvert fram úr fjárhagsáætlun ársins 2018 og er stærsta einstaka skýringin þar aukinn fjármagnskostnaður en einnig var mikið um viðhaldsframkvæmdir sem ekki var talið unnt að fresta.



B-hluta stofnanir voru flestar reknar í ágætu samræmi við fjárhagsáætlun. Afkoman var þó 30 millj. króna betri en áætlun gerði ráð fyrir, þar af voru tekjur umfram áætlun hjá fráveitu mestar og einnig var afkoman mun betri hjá hitaveitu en gert hafði verið ráð fyrir, þrátt fyrir miklar hitaveitu- og ljósleiðaraframkvæmdir á árinu.

Til nánari greiningar sýnir eftirfarandi tafla heildaryfirlit um rekstur samstæðunnar á árinu og frávik einstakra liða frá fjárhagsáætlun ársins.


Samanburður	Ársreikningur	Áætlun 2018 með viðaukum	Mismunur	%
Aðalsjóður				
Skatttekjur	3.969	3.899	70	101,8%
Félagsþjónusta	742	742	0	100,0%
Heilbrigðismál	8	8	0	100,0%
Fræðslu-og uppeldismál	1.865	1.851	-14	100,8%
Menningarmál	155	174	19	89,1%
Æskulýðs-og íþróttamál	365	372	7	98,1%
Brunamál og almannavarnir	71	73	2	97,3%
Hreinlætismál	47	41	-6	114,6%
Skipulags-og byggingarmál	61	70	9	87,1%
Umferðar-og öryggismál	93	104	11	89,4%
Umhverfismál	83	81	-2	102,5%
Atvinnumál	60	89	29	67,4%
Sameiginlegur kostnaður	263	261	-2	100,8%
Lífeyrisskuldbinding	68	73	5	93,2%
Fjármunatekjur <i>-(gjöld)</i>	54	38	16	142,1%
Aðalsjóður samtals	142	-2	144	
A-hluta stofnanir				
Eignasjóður og þjón.stöð	-50	12	-62	-416,7%
A-hluti - sveitarsjóður samtals	92	10	82	
B-hluta stofnanir				
Hafnarsjóður	35	32	3	109,4%
Vatnsveita	30	31	-1	96,8%
Sjóveita	-1	-1	0	100,0%
Hitaveita	2	-9	11	-22,2%
Fráveita	73	59	14	123,7%
Félagslegar íbúðir	10	7	3	142,9%
Eyvindastaðaheiði	0	0	0	0,0%
Tímatákn ehf	0	0	0	0,0%
B-hluta stofnanir samtals	149	119	30	
A og B-hluti samtals	241	129	112	186,8%



Ákvæði sveitarstjórnarlaga um skuldahlutfall og skuldaviðmið

Í sveitarstjórnarlögum sem tóku gildi í upphafi árs 2012 segir í 64. gr. að „samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60 gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærrí en nemur samanlögðum reglulegum tekjum“. Þessar skyldur eru uppfylltar frá árinu 2012 eins og glöggt kemur fram í útreikningi á blaðsíðu 25 í meðfylgjandi ársreikningi.

Einnig segir í 64. gr. sveitarstjórnarlaga að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. megi ekki vera hærrí en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Frá heildarskuldum og skuldbindingum er heimilt að draga frá hluta lífeyrisskuldbindinga samkvæmt reglugerð 502/2012 um fjárhagsviðmið sveitarfélaga, skuldauppgjör við Brú lífeyrissjóð, auk veltufjármuna sem er ákvæði sem tók gildi á síðasta ári (458/2018). Hjá Sveitarfélaginu Skagafirði er skuldaviðmið 94,2% á árinu 2018 hjá samstæðunni, þegar búið er að draga frá hluta lífeyrisskuldbindinga af heildarskuldum og skuldbindingum og veltufjármuni eins og heimilað er. Séu þessi þættir ekki dregnir frá er skuldahlutfallið 123,8% hjá samstæðunni.





Samantekt

Ársreikningur ársins 2018 fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð gefur glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu.

Ber að þakka þann árangur sem hefur náðst í rekstri sveitarfélagsins en jafnframt að brýna menn áfram til góðra verka í þeirri vinnu sem alltaf er í gangi. Mikilvægt er að áframhald verði á góðri samvinnu allra aðila svo halda megj þannig á málum að við getum áfram rekið hér gott samfélag sem er í stakk búið til að veita íbúum sínum góða þjónustu og þannig stuðla að áframhaldandi jákvæðri þróun í vexti og viðgangi sveitarfélagsins.

Að lokum vil ég þakka sveitarstjórnarmönnum og starfsfólki Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir þann góða árangur sem náðst hefur í rekstri sveitarfélagsins og síðast en ekki síst öllum þeim sem lögðu á sig ómælda vinnu við gerð þessa ársreiknings.

Sauðárkróki 24. apríl 2019.

Sigfús Ingi Sigfússon,
sveitarstjóri